

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

MAÍ 2022



5. tbl. 25. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Þórunni Hildu
Jónasdóttur



Ráðherrar, borgarstjóri og skólastjóri Listaháskólans undirrituðu viljayfirlýsingu.

Listaháskólinn Opnaður í Tollhúsinu eftir þrjú til fimm ár

Skrafað hefur verið undir viljayfirlýsingu um flutning Listaháskóla Íslands í Tollhúsið við Tryggvagötu. Búið er að tryggja fjármagn en mikið verkefni er framundan við að breyta húsinu og byggja við það.

Gert er ráð fyrir að skólinn geti hæfið skólastarfi undir einu þaki í Tollhúsinu eftir þrjú til fimm ár. Stefna skólans hefur verið frá upphafi að allar deildir sameinist undir einu þaki. Þar sé grunnurinn að þverfaglegu háskólastarfi í listum.

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og
skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings

Hagstætt verð

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

Halló sumar



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

5. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Þjónusta í þágu íbúa

Þrátt fyrir að hávaði og deilur hafi einkennt störf borgarstjórnar á því kjörtímabili sem er að ljúka virðast flestir frambjóðendur á því máli að haldið verði áfram á svipaðri braut þótt áherslur séu eðlilega mismunandi.

Þétting byggðar er nokkuð óumdeild og einnig endurskipulag umferðarmála meðal annars með byggingu svonefndar borgarlínu.

Billinn hefur verið til umræðu. Hann er ekki að hverfa. Notkun hans mun þó koma til með að breytast á komandi tímum. Hún mun meira miðast við frístundir og ferðalög fólks en daglegt borgarskutl. Fólk horfir einnig til þess að lækka samgöngukostnað.

Flestir vita að húsnæðisskortur er farinn að valda verulegum vanda eftir fólksfjölgun og einnig samdrátt í byggingum á eftirhrunsárunum. Skoðanir kunna að vera skiptar um hvernig beri að nálgast hann og leysa úr honum. Helst er deilt um hvort leggja eigi áfram áherslu á þéttingu byggðar eða hvort fara eigi aftur útþenslustil fyrri ára.

Sveitarstjórnarmál snúast ekki einvörðungu um pólitík. Þau snúast fyrst og fremst um að veita ákveðna þjónustu í þágu íbúa. Sveitarstjórnnum eru skammtaðir tekjustofnar með lögum. Pólitík kemur þar takmarkað við sögu. Þess sér stað í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna. Fólk veit að nærþjónustan er ekki vettvangur pólitískra átaka. Hún er umfang vinnu innan fyrirfram ákveðins ramma.

Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga hefur fallið nokkuð í skugga landsmálanna eftir umdeilda sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Fólk hefur einnig takmarkaðan áhuga á barningi á sveitarstjórnartíðinu. Vill að sveitarfélögin vinni að verkefnum sínum í þágu íbúna.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finnu okkur á
Facebook

Fyrsta íbúðarhúsið Svansvottað



Rakel Elva Jónsdóttir afhendir Gísla Sigmundssyni vottunarskjalið.

Þingholtsstræti 35 í Reykjavík er fyrsta íbúðarhúsnæðið sem hlotið hefur Svansvottun fyrir endurbætur hér á landi. Gísli Sigmundsson tók við vottuninni fyrir Auðnutré ehf. Hann keypti húsið í september árið 2020 með það að markmiði að fá Svansvottun fyrir endurbæturnar.

Áður en hægt var að ráðast í endurbæturnar þurfti að framkvæma ákveðnar úttektir til þess að tryggja gæði endurbótanna, réttan farveg úrgangs og fleira. Á Svansvottunin að tryggja að umhverfislegur ávinningur af verkefninu sé umtalsverður en í slíkum endurbótaverkefnum á mikil áhersla að vera

lögð á að nýta það sem hægt er. Húsið var í lélegu ásigkomulagi þegar framkvæmdir hófust samt var hægt að nýta burðarvirkið ásamt gólfefni í forstofu og stiga innandyra. Húsið er á þremur hæðum og stendur í einum elsta hluta borgarinnar. Allt byggingarefni sem féll frá húsinu var vandlega flokkað og komið í endurvinnslu og réttan úrgangsfarveg, að því er fram kemur í tilkynningu Svansins. Rakel Elva Jónsdóttir framkvæmdastjóri Svansins sagði gaman að segja frá því að þetta væri fyrsta íbúðarhúsið sem hljóti Svansvottun samkvæmt endurbótaviðmiðunum þegar afhendingin fór fram.

Risarárum í Borgarbókasafninu



Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra stödd í Borgarbókasafninu ásamt hugmyndasmið og hönnuðum verksins.

Risastórt rúm hefur verið sett upp í Borgarbókasafninu í Grófinni. Þar er hægt að leggjast út af, breiða yfir sig stóra sæng og hlusta á eða lesa barnabók. Rúmið er innsetning eftir Svandísi Dóru Einarsdóttur til heiðurs barnabókahöfundum. Lilja Alfreðsdóttir, menningarmálaráðherra afhjúpaði rúmið 30. apríl sl.

Hönnuðir verksins, sem heitir Segðu mér sögu, eru þau Tanja Levý og Jökull Jónsson. Hugmyndin með rúminu stóra er að fullorðnir geti fundið fyrir

yndi þess að láta lesa fyrir sig sögur og ljóð líkt og á æskuárum og þannig upplifað sig að nýju sem barn í öryggi rúmsins. Lilja sagði í tilefni afhjúpunarinnar að barnabókmenntir séu mikilvægur þáttur í gefandi uppeldi og því hafi áhersla verið lögð á stuðning við útgáfu barnabóka sem hafi skilað sér í aukinni útgáfu. Verkefnið er unnið í samvinnu menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Borgarbókasafns.

Fólkið fyrst

í betri Vesturbæ!

Forgangsröðum fjármunum borgarinnar til að stórbæta þjónustu og velferð fólks.

- Tryggjum að engin börn í Reykjavík þurfi að bíða eftir þjónustu fagfólks. Bið getur kostað líf.
- Tryggjum að öll börn fái aðgengi að tómstundastarfi og íþróttum, óháð efnahagsstöðu foreldra. Skiljum engan út undan.
- Stóraukum framboð á lóðum. Það er grafalvarlegt að húsaleiga nemi allt að 70% af ráðstöfunartekjum fólks.
- Gerum eldra fólki kleift að búa sem lengst heima. Tryggjum viðeigandi heimaþjónustu.
- Við viljum að frítt sé í strætó fyrir alla. Almenningssamgöngur eiga að vera góður valkostur og enginn á að vera útilokaður frá þeirri þjónustu vegna bágrar fjárhagsstöðu.



Rúnar Sigurjónsson

Vélsmiður, 5. sæti

Einar S. Guðmundsson

Kerfisfræðingur, 3. sæti

Kolbrún Baldursdóttir

Borgarfulltrúi og sálfræðingur, 1. sæti

Helga Þórðardóttir

Kennari við Barnaspítala
Hringsins, 2. sæti

Natalie G. Gunnarsdóttir

Stuðningsfulltrúi og háskólanemi, 4. sæti

KR er samfélagslega mikilvægt stórveldi í Vesturbænum

- segir Þórunn Hilda Jónasdóttir sem tók við sem markaðs- og viðburðastjóri KR á dögnum.

Þórunn Hilda Jónasdóttir tók við sem markaðs- og viðburðastjóri KR á dögnum. Hún kemur frá Háskólanum í Reykjavík þar sem hún starfaði sem viðburðastjóri á markaðssviði en hún hefur einnig unnið við markaðs- og viðburðastjórnun á ýmsum vettvangi. Hlutverk hennar hjá félaginu verður að þróa og viðhalda ímynd og vörumerki KR, afla nýrra markaðstækifæra, ritstýra og hafa umsjón með helstu miðlum félagsins sem og viðburðastjórnun á stærri viðburðum, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Þórunn Hilda er ættuð frá Húsavík en ólst upp í Reykjavík frá átta ára aldri. Hún kveðst hafa saknað Húsavíkur eftir að hún flutti suður og taugarnar liggja þar enn. „Að koma í Vesturbæinn og kynna KR samfélaginu finnst mér ég finna þessa stemningu sem ég þekkti heima á Húsavík. Á ég að orða það þannig að ég sé komin heim,“ segir Þórunn í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

„Ég þekkti lítið til í Vesturbænum þegar ég ákvað að sækja um starf hjá KR. Ég hef unnið við viðburðastjórnun á ýmsum vettvangi um árabil. Síðast hjá Háskólanum í Reykjavík. Það kitlaði mig að sækja um þótt ég hefði enga vissu fyrir því að ég fengið starfið. Og þegar ég kom hingað vestur eftir varð ég alls ekki fyrir vonbrigðum. Mér fannst eins og ég væri komin á lítinn stað úti á landi. Ég er alls ekki að segja þetta í neikvæðri merkingu heldur þveröfugri. Það er ekkert nema jákvætt við þetta. Það er sterkt samfélag í kringum KR og heimilislegt. Hér fara flestir heim í hádegismat. Þetta minnti mig strax á Húsavík. Ég fann strax fyrir vellíðan hér og mér fannst ég passa vel inn. Það kom mér á óvart hvað þetta er sterkt samfélag.“

Mikið líf allan daginn

Þórunn Hilda segir mikið líf í KR húsinu allan daginn. „Kaffikarlarinn þessir eldri

Hafði ekki eignast farsíma

„Ég var lengi að venjast Reykjavík. Var í afneitun í áratug. Ég fór til Húsavíkur í hverju einasta frí. Fannst ég verða að skreppa heim. Kláraði grunnskólann og fór síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð. Eftir menntaskóla fór ég að vinna í nokkur ár og byrja þá að vinna hjá fjarskiptafyrirtækinu Tali, þar datt ég inn í fjarskiptageirann sem var í örri þróun. Hann var nýr fyrir mér sem hafði ekki eignast farsíma og þurfti að fara að leiðbeina fólki í gegnum síma um tækni sem ég hafði aldrei tekið á. Þá var ekki um annað að gera en að reyna að vera fljótur að hugsa og halda þeim boltum á lofti sem þurfti sem gátu verið margir. En svo kom að því að hún þyrfti að ákveða hvað hún ætlaði að gera þegar hún yrði stór eins og hún komst að orði. „Þá ákvað ég að skerpa á skólagöngunni og fara í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Ekki af því að ég hefði svo mikinn áhuga á viðskiptum eða lögfræði heldur af því að þetta var praktískt nám. Eftir að skólagöngu lauk kallaði fjarskiptageirinn í mig aftur og ég fór að vinna hjá Vodafone. Ég var svo viðloðandi fjarskiptageirann í rúman áratug og á þessum tíma urðu miklar breytingar á öllu umhverfi.“

Viðburðastjórnun - að fá borgað fyrir partýstand

Eftir að Þórunn sleit sig frá fjarskiptum réði hún sig sem verkefnastjóra á tölvunarfræðibraut Háskólans í Reykjavík. Dvölin þar varð þó styttri en í upphafi var ætlað. „Þá togaði viðburða geirinn í mig.



Þórunn Hilda Jónasdóttir markaðs- og viðburðastjóri KR.

Ég var búinn að vera í partý- og samkomuíðnaðinum ef við getum kallað hann svo og út um allt. Þarna sá ég að best væri að fá bara borgað fyrir að verða í þessu partýstandi og réði mig til starfa hjá Practical sem síðar varð CP Reykjavík. Þá fór ég að vinna við að undirbúa árshátíðir, setja upp starfsdaga og ráðstefnur og annað fyrir ýmis fyrirtæki bæði stór og smá í landinu. Nokkuð óvænt bauðst mér að verða viðburðastjóri Háskólans í Reykjavík. Ég stökk á það tækifæri því það var frábært að vinna hjá HR. En svo gerist það einn daginn að ég sá auglýst spennandi starf hjá KR og ákvað að sækja um því mér fannst svo sniðugt að fara úr HR í KR.“

Miklar breytingar hjá KR á næstunni

Hvað heillaði Þórunni við KR. Það sem heillaði mig mest við starfið er viljinn til að gera gott betra, mynda góða stemningu í kring um félagið. Fá fólk aftur á völlinn og fleiri iðkendur í starfið og fleiri sjálfbodaliða til að vinna

með félaginu. Ná að þjónusta allar þessar ólíku deildir sem starfa undir félaginu. Finna leiðir til að gera meira og flottara, halda vel utan um alla KR-ingana okkar stóra sem smáa. Stór partur í því eru allar breytingarnar á næstunni hjá þessu gamla og gróna Vesturbæjarfélagi. Aðstöðuleysi undanfarinna ára hefur skapað KR ákveðinn vanda. Aðstæður margra annarra félag hafi verið mun betri. Eins og staðan sé í dag er félagið næstum tveimur áratugum á eftir flestum öðrum hvað aðstöðu varðar. Elstu félögin KR og ÍR hafa lengi glímt við þennan vanda. ÍR er nú að fá íþróttahús eftir að hafa verið í nær hálföld í Mjóddinni í Breiðholti og nú hillir undir langþráðar framkvæmdir hjá KR. Tilkoma fjölnota íþróttahús mun gerbylta allri aðstöðu og starfsemi á KR svæðinu fyrir utan annað. Samningur sem gerður var á síðasta ári á milli Reykjavíkurborgar og KR byggir á mikilli skipulags- og hugmyndavinnu sem forsvarsmenn KR hafa unnið með arkitektunum. Það er ljóst



AS WE GROW
ASWEGROW.IS



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



ERUM FLUTT Á KLAPPARSTÍG 29



Tölvugerð mynd af KR svæðinu eins og það mun líta út þegar þeim framkvæmdum sem nú eiga að fara að hefjast verður lokið.

að samningurinn sem gerður var við Reykjavíkurborg er mikil lyftistöng fyrir allt íþróttta- og félagsstarf í Vesturbænum. Hann telst til stærri áfanga í 122 ára sögu félagsins. Gert er ráð fyrir að húsið verði reist á árunum 2023 til 2024. Vonandi verður byrjað á framkvæmdum strax á þessu

ári svo að fjölnota íþróttahús KR fari að rísa eins og stefnt hefur verið að.“ Þórunn segir að með þeim auknu byggingaráformum sem ætlunin er að fara í verði allt þjónusturými á KR svæðinu aukið sem vonandi muni nýtast fyrir meiri og betri þjónustu fyrir íbúa Vesturbæjar. „Ég get nefnt

heilsugæslu í því sambandi sem er ekki til staðar í Vesturbænum sem væri frábært að sjá á svæðinu svo eitthvað sé nefnt. Það er mjög dýrmætt fyrir félagið að búa við fjölbreytta þjónustu á staðnum.“

Reynslan úr þjónustuverinu nýtist vel

Þórunn segir að reynslan frá störfum í fjarskiptageiranum komi vissulega að gagni í nýju starfi fyrir KR. „Einkum og sér í lagi að hafa starfað í þjónustuveri þar sem maður þurfti stöðugt að vera viðbúinn margvíslegum fyrirspurnum og oft að hafa marga bolta á lofti í einu. Þurfa að vera fljót að hugsa, fljót að taka ákvarðanir og finna lausnir fyrir viðskiptavinina. Sambærilegar aðstæður og kröfur einkenna

þetta starf og þá kemur gömul reynsla sér vel. Einnig reynsla úr viðburðageiranum þar sem flest byggir á samskiptum við fólk og að hafa yfirsýn yfir marga ólíka hluti í einu. Og nú er ég komin til að vera svo lengi sem KR vill mig. Hér eru tækifæri til að gera marga góða hluti og ekki síst í ljósi þeirra bættu aðstöðu sem við erum farin að sjá að verði að veruleika. KR er samfélagslega mikilvægt stórveldi í Vesturbænum.“

Sérhæfð lögfraeðiþjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Séreignarsparnaður er launahækkun

Séreignarsparnaður er frábær leið til þess að spara fyrir framtíðinni. Sumarlaunin þín hækka með mótframlagi frá vinnuveitanda.

Kynntu þér málið á [landsbankinn.is](https://www.landsbankinn.is)

Endurbætur á Vörðuskóla



Vörðuskóli er eitt af síðustu verkum Guðjóns Samúelssonar.

Boðnar hafa verið út framkvæmdir vegna endurbóta og viðgerða á Vörðuskóla á Skólavörðuholti. Um er að ræða endurnýjun á gluggum, útihurðum og þaki. Þá verða loftræstikerfi endurnýjað sem og raflagnir. Kostnaðaráætlun er 370 milljónir króna. Aætlaður framkvæmdatími er apríl til desember 2022.

Vörðuskóli hét áður Gagnfræðaskóli Austurbæjar og er við Barónsstíg 34 í Reykjavík. Síðar varð skólinn hluti af Tækniskólunum eða allt til ársins 2019.

Gagnfræðaskólinn var oftast nefndur Ingimarsskóli eftir fyrsta skólalæra hans, séra Ingimar Jónssyni. Vörðuskóli er í næsta húsi sunnan við Austurbæjarskóla. Byggingin var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Bygging hússins hófst árið 1947 og var það fullbyggt 1949. Húsið er steinsteypt og útveggir steinaðir og einangraðir að innan. Reykjavíkurborg keypti Vörðuskóla 2020 í ljósi fjölgunar íbúa í nálægum hverfum í október 2020. Kaupverð var um 260 milljónir króna.

Vilja breyta gömlu bandarísku sendiráðshúsunum í íbúðabyggð

Félagið Laxamýri ehf. sem er í eigu Hjalta Gylfasonar og Jónasar Más Gunnarssonar hefur fest kaup á fyrrum sendiráðsbústað Bandaríkjanna við Laufásveg 19 til 23 og Þingholtsstræti 34. Endanlegt kaupverð liggur ekki fyrir en ásett verð var 720 milljónir króna.

Laxamýri sendi Reykjavíkurborg bréf í mars sl. og óskaði eftir samstarfi við skipulagssvið vegna þess að félagið hefur áhuga á að breyta notkun úr skrifstofu í íbúðarhúsnæði sem er í samræmi við upprunalega notkun þess.

Hins vegar er ekki til deiliskipulag um svæðið og því var óskað eftir samstarfi við borgaryfirvöld. Húsnæðið er í fjórum byggingum, alls ríflega tvö þúsund fermetrar, með sameiginlegum garði í miðjunni. Croisette Real Estate Partner á Íslandi sá um sölu eignarinnar. Eignin er í fjórum byggingum



Gamla sendiráðið við Laufásveg.

sem telja alls rúma tvö þúsund fermetra auk sameiginlegs garðs. Sendiráð Bandaríkjanna keyptu fyrstu fasteignina við Laufásveg

árið 1947 en fluttu sendiráðið nýlega á Engjaveg 7.

Listaverkið Himinglæva afhent tónlistarhúsinu Hörpu

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri afhentu útilistaverkið Himinglævu fyrir framan Hörpu sl. laugardag. Listaverkið er eftir Elinu Hansdóttur myndlistarkonu og er fagurlega formað hljóðfæri. Verkið var valið í samkeppni um list í opinberu rými við Hörpu árið 2008 og er gjöf frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg í tilefni af 10 ára afmæli Hörpu í október í fyrra.

Himinglæva stendur við enda Reykjastrætis þar sem það er sýnilegt þegar komið er að Hörpu eftir strætinu en einnig þegar farið er eftir Sæbraut.

Himinglæva – sú sem glóir við himinn

Himinglæva – er skúlptúr úr ryðfrú stáli sem hannaður er til að framleiða hljóðræna yfirtóna þegar vindurinn ferðast í gegnum hana. Skúlptúrin framkallar fjölbreytt hljóð sem byggjast á krafti vindsins sem ferðast í gegnum hann og beinir þannig athygli áhorfandans að náttúrufræðilegum eins og loftinu í kringum þá. Nafn verksins er sótt í norræna goðafræði en Himinglæva, var dóttir sjávargöjunnar Ránar og



Katrín Jakobsdóttir og Dagur B. Eggertsson afhentu útilistaverkið.

sjávargöjunnar Ægis.

Í norrænni goðafræði gerðu sjómenn, sem skynjuðu kraft vindsins og öldurnar í kringum þá, að goðsagnakennda myndin Himinglæva (sem þýðir gegnsæ, skínandi og litil bylgja) líktist vatninu og ýtti skipum sínum yfir hafið. Harpan vísar í myndlíkingu til þessarar goðsagnar og er hönnuð til að stilla áhorfandann að náttúruöflunum í kringum sig með fagurfræðilegum hætti.

Verkið er eins konar hljóðfæri og má segja að vindurinn „spili“

á skúlptúrin og hafi þannig vísan til tónlistar og sækir form sitt til kenninga um myndgerða hljóðbylgju. Með því að hvetja áhorfendur til að „hlusta“ á landið og velta fyrir sér staðsetningu þeirra með náttúrulegu umhverfi sínu, leggur skúlptúrin áherslu á gagnkvæm tengsl fólks og náttúru. Himinglæva hæfir því vel fyrir utan Hörpu og er efnisval og nákvæm afstaða verksins miðað við að það verði hóflegur hljóðgjafi og trúfli ekki umhverfi sitt.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumálarí
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Löggiltur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
BA í stjórnmálafraeði
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílísti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala
sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

xsreykjavik.is



Reykjavík á réttri leið

XS

Minum á kosningakaffi í lönó frá kl. 14 á kjördag.
Heitt á könnunni og öll velkomin.

Komin aftur heim í Vesturbæinn

Katrín Grétarsdóttir tók nýlega við starfi hótélstjóra á Icelandair hótél Reykjavík Marina.

Katrín, eða Kata eins og hún er yfirleitt kölluð, er Vesturbæingur í húð og hár þótt hótélbransinn hafi leitt hana víða um veröldina. Það var því tvöföld ánægja fyrir hana að taka við nýja starfinu þar sem hún tekst á við spennandi áskoranir að afloknum heimsfaraldri um leið og hún getur á vinnutímanum horft upp eftir Ægisgötunni alla leið að Landakotstúni og líka til vesturs yfir sundin þar sem vorkvöldin verða fegurst. Við fórum og hittum hana og spurðum fyrst að því hvernig það hafi viljað til að hún lagði hótélþjónustu fyrir sig?

Fyrsta hótelið sem ég vann á var 101 Hótel á Hverfisgötu. Byrjaði þar árið 2003 og fékk þá þessa gríðarlegu ástríðu fyrir hótélgeiranum og hef bara ekki losnað við hann síðan. Íslenski hótélbransinn togaði alltaf aftur í mig þótt ég prófaði mig áfram á öðrum vettvangi en ég hef einnig verið verslunarstjóri í London fyrir DKNY og DIESEL auk þess að vera móttökustjóri á hóteli í Glasgow. Áður en ég kom hingað á Reykjavík Marina starfaði ég sem gestamóttökustjóri á Hilton Reykjavík Nordica í rúm átta ár.

Gaman að vera komin aftur heim

Eins og áður segir er Kata Vesturbæingur í grunninn og kann hvergi betur við sig.

Ég er fædd og uppalin í Vesturbænum, bjó lengst af á Reynimelnunum og svo á Tómasarhaga. Ég var í Melaskóla, fór þaðan í Hagaskóla og síðan lá leiðin í Kvennó. Vesturbæinn stendur mér sannarlega nærri og mér finnst ekkert yndislegra en að fara reglulega í göngutúra um gamlar slóðir og vekja upp góðar minningar. Ég þekki Vesturbæinn nánast eins og lófann á mér og það er alveg frábært að vera komin aftur hingað í þetta kunnulega umhverfi til að vinna.

Þótt Vesturbæinn hafi alltaf sinn gamla sjarma þá hefur auðvitað heilmikið breyst á síðustu áratugum, ekki síst hér norðanmegin. Hér hefur atvinnulífið breyst mikið á frekar stuttum tíma og þar sem í gamla daga var stáliðja, málningarverksmiðja og fiskvinnsla er nú komin litrík og fjölbreytt þjónusta við ferðamenn og borgarbúa. Icelandair hótél Reykjavík Marina er eiginlega skýrasta dæmið um þessar breytingar og þróun á grunnatvinnugunum – þar sem áður var



Katrín Grétarsdóttir tók nýlega við starfi hótélstjóra á Icelandair hótél Reykjavík Marina.

málningarverksmiðja er nú hótél og veitingastaður. Sumir sakna auðvitað gömlu tímanna en við reynum líka að varðveita söguna um leið og svæðið tekur við nýju hlutverki. Hótelið hefur átt stóran þátt í uppbyggingu og tengingunni milli miðbæjarins og Granda alveg frá því það opnaði en þetta er mjög skemmtileg staðsetning þar sem við erum alveg upp við höfnina. Erlendum gestum finnst ótrúlega spennandi að vera í svona mikilli nálægð við sjóinn og skipin og þykir alveg ótrúlegt að geta næstum snert skip í slipp.

Sérstaðan okkar er líka sú að vera í miðbænum án þess að vera alveg á miðpunktinum – hér er líka allt til alls í mjög stuttu göngufæri, allskyns þjónusta og afþreying.

Tilvalið fyrir Vesturbæinga

Eins er mjög stutt fyrir Vesturbæinga að rölta hingað til að borða eða fá sér einn eða tvo á happy hour. Það hefur verið gaman að sjá kokteilmenningu Reykjavíkur vaxa og dafna en Slippbarinn er fyrsti eiginlegi kokteillar Reykjavíkur og stendur enn vel undir nafni sem slíkur en við höldum upp á 10 ára afmæli Slippbarsins á síðasta vetrardag. Það er alltaf eitthvað um að vera:

plötusnúðar um helgar, happy hour og late happy hour, karaoke og bíósýningar. Eins erum við mjög ánægð með að geta byrjað aftur með sívinsæla brunchinn okkar núna 14. maí. Ég held að við séum eini staðurinn sem býður upp á krakkabíó um leið og brunch, svo krakkarnir geti skemmt sér meðan fullorðna fólkíð tekur sér góðan tíma við borðið.

Svo er ekki eins og fólkíðist að skoða jarðhæðina okkar þar sem hver hluturinn á fætur öðrum gleður augað. Hótelið var líka hannað með það fyrir augum að vera skemmtilegt, litríkt og nútímalegt um leið og margt í hönnun þess tengist málningarverksmiðjunni og atvinnustarfseminni í nágrenninu. Hér eru öll húsgögn og innréttingar sérsmíðuð á Íslandi og blandað er saman gömlu handverki og áhugaverðum nýjungum. Hér um allt leynast svo textaskilti með fróðleik og upplýsingum fyrir gesti.

Kata kveður okkur með bros á vör, við þökkum fyrir kaffið og göngum út í svalan en bjartan vordaginn þar sem hressandi sjávarilmurinn tekur á móti okkur. Það er ekki annað hægt en að reigja aftur hausinn til að virða fyrir sér gríðarstórt skipsstefni sem gnæfir við himinn eins og hvalur á flugi.



Icelandair hótél Reykjavík Marina.



Notarleg stemning á Icelandair hótél Reykjavík Marina.



Veggmyndinni var gerð af Juan Pictures Art í tilefni 10 ára afmælis Slippbarsins.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Íbúðir byggðar af borginni

Verið velkomin í kosningakaffi í VG Portið
Bankastræti 2 á kjördag frá 12-17

Vantar þig skul á kjörstað?
Hringdu þá í síma 893-7861

Kynnið ykkur stefnuna
Read the manifesto
Przeczytaj deklarację programu
x22.vg.is



XV
14. maí

Oliustöðin í Skerjafirði

Athafnasvæði Shell á Íslandi og síðar Skeljungs var um tíma í Skerjafirði. Hópur íslenskra kaupfélaga og athafnamanna stóð að stofnun Shellfélagsins hf. á Íslandi ásamt Shellsamsteypanni og var félaginu veitt leyfi til starfrækslu oliustöðvar við Skerjafjörð þann 25. júní 1927. Oliustöð Shell í Skerjafirði varð stærsta eldsneytisbirgðastöð landsins á þeim tíma. Tilkoma hennar og starfsemi hafði áhrif á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Starfsemi félagsins markaði þáttaskil í dreifingu eldsneytis til landsins, sem fram að því hafði eingöngu verið flutt til landsins í tunnum.

Aðdraganda þessarar sögu má þó rekja nokkuð lengra aftur í tímann. Á fyrsta og öðrum áratugi 20. aldar var farið að ræða um að leggja jörðina Skildinganes sem þá tilheyrði Seltjarnarnesi undir Reykjavík. Á þeim tíma höfðu verið gerðar tilraunir til að koma upp höfn í Skerjafirði sem komst aldrei til framkvæmda. Einar Benediktsson skáld og athafnamaður hafði á þessum tíma unnið að undirbúningi að byggingu áburðarverksmiðju í Skildinganesi sem knúin skyldi rafmagn úr Þjórsárvirkjun. Félög voru stofnuð í þeim tilgangi og komust þau yfir verulegan hluta í landi Skildinganes. Þar var einkum um að ræða Fossafélagið Títan. Ekkert varð úr þessum fyrirtætlunum og um 1922 keypti Eggert Claessen, lögfræðingur og bankastjóri Íslandsbanka stóran hluta Skildinganesjarðar af Fossafélaginu.

Skiptar skoðanir um ævintýrafélög – Alþingi hafði efasemdir

Eggert var einn af nánnum samstarfsmönnum Einars Benediktssonar. Var lögfræðingur hans í fjölmörgum viðskiptaævintýrum. Í bók Guðmundar Magnússonar sagnfræðings um Eggert Claessen kemur fram að vegna laskaðs orðspor Einars Benediktssonar meðal Íslendinga vegna fyrri misheppnaðra gróðaverkefna hafi nafn hans lítt verið áberandi í tengslum við Fossafélagið. Félagið hafði tryggt sér vatnsréttindi íslenskra stórflyta með orkuframleiðslu til stóriðju í huga. Að nafninu til áttu þau að heita í meirihlutaeigu íslenskra aðila en voru í raun borin uppi af erlendum bakhjörllum. Málefni félaganna urðu mikið hitamál. Ýmsir töldu að félögin gætu með fjárfestingum sínum leitt mikinn auð inn í landið og stuðlað að tækniframförum en aðrir óttuðust að svo stór erlend fjárfesting yrði skaðleg til lengdar. Síðarnefnda viðhorfið varð ofan á í meðförum Alþingis og tilraunir til að koma í gegn frumvörpum sem gert hefðu Fossafélaginu unnt að ráðast í framkvæmdir reyndust árangurslausar. Málið var því andvana fætt.



Fyrrum aðsetur Shell í Skerjafirði. Reykjavíkurborg keypti húseignirnar í lok árs 1996. Þarna hefur verið skiptistöð fyrir Strætó og ORG ættfræðipjónusta Odds Helgasonar.

Fyrirætlanir runnu út í sandinn

Eggert Claessen stofnaði fasteigna- og fjárfestingarfélagið Baug árið 1918. Fleiri voru með honum í fyrirtækinu. Má þar nefna Thor Jensen og Jón Þorláksson, mág Eggerts og síðar borgarstjóra og forsætisráðherra. Félagið keypti hluta af landi Skildinganes á sama tíma og Eggert sá um landkaup fyrir Fossafélagið. Var ætlunin að reisa skipasmíðastöð í tengslum við fyrirhugaða hafnargerð í Skerjafirði. Þegar ljóst varð að áform um stórskipahafnir og iðnrekstur væru að renna út í sandinn fóru eigendur bæði Baugs og Fossafélagsins að leita nýrra leiða sem fólust í að selja landið í Skerjafirðinum til annarra nota. Var þá horft til íbúðabygginga. Eggert Claessen reið sjálfur á vaðið og byggði sér reisulegt íbúðarhús í Skildinganesi og nefndi Reynisstað. Deilt var um athafnasemi hans í bæjarstjórninni. Talað var um skattaflótta auðmanna úr Reykjavík en Skildinganes tilheyrði þá Seltjarnarnesi þar sem skatta voru lægri en í höfuðstaðnum.

Nær 100 lóðir seldar – Skildinganes fært undir Reykjavík

Árið 1927 hóf Eggert að skipuleggja byggingalóðir á Skildinganeslóðinni fyrir sölu. Þar með hófst myndun þéttbýlis í Skildinganesi. Eggert lét gera heildarskipulag yfir svæðið þar sem hann gerði ráð fyrir nýjum götum og afmarkaði lóðirnar meðfram þeim. Á árunum 1927 til 1934 seldust tæplega hundrað lóðir úr landi Eggerts. Árið 1932 tóku gildi lög sem kváðu á um að jarðirnar Skildinganes og Þormódsstaðir ásamt öllum lóðum og löndum sem seld höfðu verið undan þeim skyldu innlimuð í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þá höfðu 86 hús verið byggð á svæðinu og íbúum fjölgaði ört. Með hernámi Breta árið 1940 og gerð Reykjavíkurlugvallar í kjölfarið urðu miklar breytingar á byggðinni. Talsvert mörg hús voru rifin eða flutt burt vegna flugvallargerðarinnar og byggðin í raun klofin í tvennt.

Eldsneytisstöð í Skerjafirði

Einkaleyfi Landsverslunar til verslunar með olíuvörur var numið úr gildi árið 1925 og hætti hún störfum tveimur árum síðar. Sama ár eða 1927 var Olíusalan hf. stofnuð af fjórum íslenskum athafnamönnum. Þeir voru Björgúlfur Ólafsson læknir, Hallgrímur Benediktsson stórkaupmaður, Hallgrímur A. Tulinius stórkaupmaður og Gísli J. Johnsen konsúll. Fimmti Íslendingurinn bættist í hópinn þegar stofnað var Hf. Shell á Íslandi og var það Magnús Guðmundsson hæstaréttarlögmaður. Samanlagt



Oliustöðin í Skerjafirði. Á myndinni má sjá byggingar sem reistar höfðu verið á lóðum úr landi Skildinganes og einnig olíubryggjuna sem byggð var til að hægt væri að afferma olíuflutningaskip með dælubúnaði.

áttu fimmennigarnir 51% í félaginu og Shell-samsteypan 49%. Helsti hvatamaður að stofnun félagsins var Björgúlfur Ólafsson læknir. Hann hafði verið læknir í nýlenduher Hollendinga í Austur-Indíum árið 1913 og kynntist Shell í gegnum störf sín á erlendum vettvangi. Hann fékk þá hugmynd að efna til þessa samstarfs og varð fyrsti stjórnarformaður félagsins.

Félagið tók við rekstri oliustöðvarinnar í Skerjafirði og allri sölu og dreifingu á olíu og bensini sem hlutafélagið Shell á Íslandi hafði haft á hendi. Oliustöð Shell í Skerjafirði varð stærsta eldsneytisbirgðastöð landsins. Um 30 metra löng bryggja var byggð út í Skerjafjörðinn þar sem olíuskip gátu lagst að landi svo dæla mætti olíu í geyma á landi.

Varnaðarorð slökkviliðsstjóra

Á miðjum sjöunda áratugi síðustu aldar gerði Valgarður Thoroddsen þáverandi slökkviliðsstjóri athugasemd um að varnargarðarnir umhverfis geymasvæðið væru ófullnægjandi og að staðsetning stöðvarinnar væri varhugaverð með tilliti til vaxandi byggðar í nágrenninu. Hann benti á að birgðarýmið í oliustöðinni í Skerjafirði væri orðið of lítið og ný og stærri olíuskip sem komin væri til sögunnar ættu í erfiðleikum að sigla þangað. Þarna er upphafið að endalokum oliustöðvar í Skerjafirði. Þá var ráðist í byggingu nýrrar oliustöðvar Skeljungs hf. í Örfirisey sem tekin var í notkun í febrúar 1971.

Flutt í Örfirisey

Eftir að stöðin í Örfirisey tók við sem aðalolíubirgðastöð félagsins var stöðin í Skerjafirði notuð sem þjónustustöð og birgðastöð fyrir gas um tíma. Árið 1985 var stór gasolíugeymir dregin þaðan í Örfirisey sem var liður í flutningum úr Skerjafirði í Örfirisey. Síðast var flutt olía í Skerjafjarðarstöðina árið 1986 en gasi var hins vegar landað þar fram til ársins 1996 að ný sameiginleg gasstöð oliufélaganna í Straumsvík var tekin í notkun.

Reykjavíkurborg kaupir eignir Skeljungs

Reykjavíkurborg keypti eignir Skeljungs hf. í Skerjafirði, bæði



Séð yfir olíugeyma og annað athafnasvæði Shell í Skerjafirði.



Eggert Claessen reið sjálfur á vaðið og byggði sér reisulegt íbúðarhús í Skildinganesi og nefndi Reynisstað. Þetta er fyrsti hluti hússins en síðar var byggt við það. Eggert Benedikt Guðmundsson barnabarn Eggerts Claessen hefur búið í húsinu undanfarnin ár.

eignarlandið og þær húseignir sem þar stóðu. Með kaupunum vildu borgaryfirvöld tryggja að hægt yrði að uppfylla skilyrði um öryggi Reykjavíkurlugvallar en einnig opna möguleika fyrir borgina til að skipuleggja íbúðabyggingu á svæðinu.

Síðustu tvo áratugi hafa gömlu Skeljungshúsin, húsin og svæðið heyrt undir Íþrótt- og tólmstundasvið Reykjavíkurborgar sem hafði þar þjónustumiðstöð um

skeið. Strætisvagnar Reykjavíkur og síðar Strætó bs. hafa verið með skiptistöð í Skerjafirði. Þá hefur ORG ættfræðipjónusta Odds Helgasonar verið með starfsstöð í húsnæði Reykjavíkurborgar í Skerjafirði um árabíl.

Jákvæð rekstrar- niðurstaða borgarinnar

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta Reykjavíkurborgar var jákvæð um 23,4 milljarða króna á árinu 2021 og var niðurstaða beggja rekstrarhluta borgarinnar töluvert betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta Reykjavíkurborgar á árinu 2021 var jákvæð um 23,4 milljarða króna en áætlanir gerðu ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 3,3 milljarða. Rekstrarniðurstaða A- hluta á árinu 2021 var neikvæð um 3,8 milljarða króna eða 8,1 milljarði betri en áætlun gerði ráð fyrir. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir ársreikninginn gríðarlega sterka niðurstöðu við krefjandi aðstæður. Betri niðurstaða skýrist einkum af matsbreytingu fjárfestinga hjá Félagsbústöðum 19,4 ma.kr. umfram áætlun, áhrifum af gangvirðisbreytingum innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum Orkuveitu Reykjavíkur sem námu 6,6 ma.kr. á árinu og auknum rekstrartekjum.

Samtals námu rekstrartekjur A- og B- hluta 202,6 ma.kr. á



Tré að laufgast við Ráðhúsið.

árinu eða 7,4 ma.kr. yfir áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 20,8 ma.kr., sem er 11,9 ma.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Heildareignir A- og B- hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi

námu í árslok samtals 790,6 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 407,3 ma.kr. Eigið fé nam 383,3 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 14,3 ma.kr. Eiginfjárlutfall er nú 48,5% en var 46,9% um síðustu áramót.



Netverslun: systrasamlagid.is

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**
Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar
legsteinagerð

LÍFIÐ ER KOKTEILL

Slippbarinn fagnar
TÍU ÁRUM Í HVERFINU

HAPPY HOUR
Alla daga frá 15 - 18

Kæru nágrannar, í heilan áratug höfum við hrist saman alls kyns litríka og skemmtilega hópa - vinkonur, vinnufélaga, fjölskyldur, vini og spennandi gesti frá öllum heimshornum og búið til alveg sérstaka stemmningu á alveg sérstökum stað. Síðustu tvö ár eru búin að vera skrytín og skrykkjótt en nú er kominn tími til að hittast á ný!

BRUNCH ALLAR HELGAR
FRÁ 12-14
KRAKKABÍÓ Í SLIPPBÍÓ
MÍMÓSA 1.000 kr.
Bloody MARY 1.500 kr.

SLIPPBARINN

CAFÉ • RESTAURANT • BAR

NJÓTTU VORS OG SUMARS



Drektu í þig lífsorkuna.
Lítrikir og hollir drykkir og
allskonar góðgæti af bestu gæðum.



Ein létt fyrir sumarið?
3 mm Asanas korkjógadýna
er frábær ferðafélagi.



Fjölvitamínblöndur. Allar með jöði
Almenn, fyrir heila, fyrir grænkeru og fyrir íþróttafólk.
Viridian er alltaf framúrskarandi virkt og hreint.

Bættu við eigin steini/kristal
Töfrandi vatnsflöskur með kristöllum.
Bættu þínum eigin við úr íslenskrum náttúru.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Kænugarðstorg við Túngötu

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti einróma á fundi sínum nýverið að torgið fái heitið Kænugarður en undirheiti verði Kív-torg. Mikill vilji er til að sýna samstöðu með úkraínsku þjóðinni, úkraínska ríkinu og úkraínskum borgum í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu, segir í greinargerð með tillögunni. „Hér er Reykjavík að senda skýr skilaboð um stuðning við úkraínsku þjóðina og minna um leið á ævafora tengingu milli Íslands og Kænugarðs. Staðsetningin er viðeigandi við horn Garðastrætis og Túngötu en við þær götur eru einmitt skrifstofur og sendiráð erlendrar ríkja,” segir Eypór Laxdal Arnalds borgarfulltrúi.

Tillögunni var vísað til borgarráðs sem tók málið fyrir á fundi. Í sameiginlegri bókun segir að hér sé verið að gefa höfuðborg Úkraínu sess í hjarta Reykjavíkur. „Með þessari ákvörðun borgarinnar er verið að senda skýr skilaboð um samstöðu með íbúum Úkraínu sem berjast fyrir frelsi sínu og sjálfstæði.“

Ög enn fremur hefur umhverfis- og skipulagssvæði verið falið að hefja undirbúning að gerð skiltis fyrir torgið.

Rússneska sendiráðið á Íslandi er næsti nágranni við Kænugarðs eða Kív-torg. Þar olli þessi nafngift



Eypór Laxdal Arnalds borgarfulltrúi staddur í Garðastræti.

takmörkuðum fögnuði. Í færslu á Facebook-síðu sendiráðsins er bent á að fjöldi staða í Rússlandi beri nöfn sem vísi til Úkraínu. Sendiráðið fylgir þeirri línu ráðamanna í Kreml að kalla innrásina ekki stríð heldur fullyrðir að þetta sé séraðgerð til að vernda íbúa héraðsins Donbass.

Vill opna gististað við Hallveigarstíg 1

Sótt hefur verið um leyfi til að breyta þriðju hæð úr skrifstofu í gististað við Hallveigarstíg. Það er Alva Capital sem sótt hefur um eyfið en það er að stærstum hluta í eigu Skorra Rafns Rafnssonar.

Skorri Rafn hefur komið víða við í athafnalífinu. Meðal annars rekið Netgíró, Hópkaup, Leit.is, Bland, 433.is, Hún.is, Wedo og Móí Media sem flest hafa verið seld til annarra aðila. Hann átti einnig hlut í Hraðpeningum ásamt Sverri Einari Einarssyni og Jumdon Micro Finance Ltd en það mun vera skráð gjaldþrota. Nú hyggst hann róa á mið gistireksturs við Hallveigarstíg verði leyfið veitt.



SUMARNÁMSKEIÐ

HEFJAST 16.MAÍ

4 VIKNA NÁMSKEIÐ

DANS- OG SÖNGLEIKJADEILD

WWW.DANSSKOLIBB.IS DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

Úkraínsk list á Laugavegi



Alexander Zaklynsky og Julia Mai Linnéa Maria í Artists4ukraine.

Tveir úkraínskir listamenn þeir Eliash Strongowsky og Yevgen Samborsky sýna verk sín í nýju listgallerí við Laugavegi 12, í sama húsi og Prikið er staðsett. Alexander Zaklynsky og Julia Mai Linnéa Maria standa að listagalleríinu Artists4ukraine ásamt Ómari Sverrissyni.

Ætlunin er að setja upp nýjar sýningar á tveggja

vikna fresti og stefnt er að því að halda viðburði í kringum opnaðir. Í maí á meðal annars að vera pop up súpu viðburður með úkraínskri borscht súpu. Á döfinni er einnig að skipuleggja listasmiðju fyrir úkraínsk börn á Íslandi en stofnendur gallerísins stefna að því að finna úkraínsk góðgerðasamtök til að styðja við.

Varanlegur regnbogi í Miðborginni



Regnboginn á Skólavörðustíg.

Skipaður verður starfshópur um varanlegan regnboga í miðborginni en í hópnum verða fulltrúar Samtakanna '78, Hinsegin daga í Reykjavík, borgarhönnunary Reykjavíkurborgar og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar. Hlutverk hópsins verður að móta stefnu varðandi útfærslu regnbogans og varanlegrar staðsetningar regnbogans í miðborg Reykjavíkur.

Helstu verkefni starfshópsins verða að skoða valkosti varðandi varanlega framtíðarstaðsetningu regnbogans, þar með talið óbreytta staðsetningu hans á neðri hluta Skólavörðustígs. Leggja á mat á ávinning þess að þess að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að móta tillögu að útfærslu og staðsetningu út frá þeim forsendum og markmiðum sem hópurinn setur samanborið við að efna til samkeppni. Einnig er áætlað að starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Kjötkompaní

ALLT FYRIR
EURO
VISION
GRILLIÐ

Víðavangshlaup ÍR á sumardaginn fyrsta



Frá víðavangshlaupi ÍR.

Víðavangshlaup ÍR fór fram á Sumardaginn fyrsta. Víðavangshlaupið er eitt fjölmennasta fimm kílómetra hlaup landsins í hjarta borgarinnar og liggur hlaupaleiðin um miðbæinn. Víðavangshlaup ÍR er eitt af örfáum götuhlaupum landsins þar sem götum er lokað og hlauparar fá tækifæri til að leggja þær óáreittir undir sig.

Flestir bestu hlauparar landsins taka þátt og búast má við harðri baráttu um sæti og tíma. Samhliða Víðavangshlaupinu fer jafnframt fram 2,7 kílómetra skemmtiskokk. Skemmtiskokkið er frábær skemmtun fyrir foreldra og börn sem vilja gera sér glaðan dag og fagna sumri með því að hlaupa saman. Öll börn sem luku hlaupi fengu sumarglaðning að því loknu.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Karnival í Frosta

Karnival var haldið í Frosta á vegum hinseginfélags félagsmiðstöðvarinnar föstudaginn 7. apríl. Karnivalið var hluti af barnameningarhátíð Reykjavíkurborgar sem var haldin með pompi og prakt dagana 5. til 10. apríl. Þema hátíðarinnar í ár var gleði og sköpunargleði og þótti okkur það tilvalið þema eftir þrautseigju og seiglu síðastu tveggja ára.

Markmið með Karnivalinu var að gleðjast saman og njóta lífsins. Lalli töframaður kom í heimsókn og sýndi listir sínar fyrir gesti. Sýningin var troðfull af ótrúlegum töfrabrogðum og mögnuðum sjónhverfingum. Hann leyfði börnunum að taka þátt í sýningunni og fékk þau til að aðstoða sig við töfrabrogðin sem vakti mikla lukku. Að sýningunni lokinni var boðið upp á candyfloss og farið í karaoke. „Við í Frosta erum í skýjunum með einstaklega vel heppnaða hátíð og þökkum öllum þeim sem að henni komu,“ segir í frétt frá félagsmiðstöðinni.

Þessar myndir voru teknar á karnivalinu í Frosta.



Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

SUMARNÁMSKEIÐ
HEFJAST 16. MAÍ

4 VIKNA NÁMSKEIÐ
DANS- OG SÖNGLEIKJADEILD

WWW.DANSSKOLIBB.IS

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

Sumarið er í næsta nágrenni... ...og Nesdekk líka!

Réttu dekkinn draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn
og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is**

Formlegt útboð á hönnun Miklubrautarstokks



Miklubraut eins og hún lítur í dag þar sem hún liggur í gegnum Hlíðarnar. Á myndinni má sjá blokk sem teygir sig út að götumörkum og hamlar breikkun götunnar.

Vegagerðin hefur formlega auglýst útboð í hönnun vegna Miklubrautarstokks. Óskað er eftir tilboði í vinnu við frumdrög á breytingum á Nesbraut, eins og Miklubrautin heitir í þjóðvegaskrá Vegagerðarinnar, frá Snorrabraut núverandi gatnamótum.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, það er upplýsingar um hæfi bjóðanda og verðtilboð. Tilboðsfrestur rennur út

þann 7. júní næstkomandi, eftir rúman mánuð. Viku síðar, þann 14. júní, verður bjóðendum tilkynnt stigagjöf í hæfnisvali og verðtilboð hæfra bjóðenda. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Athygli vekur að kallað er eftir tilboðum í hönnun á tveimur valkostum. Annars vegar steiptum stokki, samkvæmt gildandi aðalskipulagi, og hins vegar jarðgöngum frá Snorrabraut og austur fyrir gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur.

Reykjavík loftslagsborg



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri staddur við Reykjavíkurtjörn.

Reykjavíkurborg hefur verið valin sem þátttakandi í Evrópusamstarfi um hundrað kolefnishlutlausar og snjallar borgir. Alls sóttu 377 borgir um að verða hluti af leiðangrinum en teymi sérfræðinga hefur nú valið Reykjavík til þátttöku. Á næstu vikum verður unnið þétt að undirbúningi samninganna í samstarfi við allar hinar borgirnar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir þetta vera mikið fagnaðarefni og alþjóðlega viðurkenningu á loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar og viðurkenningu fyrir þau verkefni sem tengjast loftslagsmálum í borginni. „Það voru næstum 400 borgir sem sóttust eftir því að taka þátt í þessu verkefni en aðeins 100 urðu fyrir valinu. Reykjavík hefur sýnt það á undanförunum árum með fjölmörgum verkefnum, allt frá hjólastígagerð, örflæðislausnum, þéttingu byggðar, meðhöndlun úrgangs og að kolefnisföngunarverkefnum eins og Carbfix að við erum ekki bara ákveðinn í að taka þátt í lausnum á loftslagsvandannum, heldur ætlum við að vera í forystu. Þessi útnefning staðfestir það og við erum gríðarlega stolt af þessu.“

SUMARSTARF TJARNARINNAR

Fyrir unglunga á aldrinum 13–16 ára

MÁNUDAGA

Dagopnun kl. 16:30–18:30
Kvöldopnun kl. 19:30–22:30

MIDVIKUDAGA

7.bekkaropnun kl. 16:30–18:30
Kvöldopnun kl. 19:30–22:30

FÖSTUDAGA

Dagopnun kl. 16:30–18:30
Kvöldopnun kl. 19:30–22:30



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR

Græn svæði og heilnæmt skólahúsnæði í Vesturbænum

Það hefur líklega ekki farið fram hjá mörgum að það er minna líf og fjör í Hagaskóla þessar vikurnar en oftast áður. Meiri hluti nemenda stundar nú nám sitt í Ármúlanum og 10. bekkur er einn í Hagaskóla. Í kjölfar myglumála í grunnskólum borgarinnar var farið eftir nýjum verkferlum í tilfelli Hagaskóla, og þó okkur foreldrum þyki þetta auðvitað óviðunandi ástand verður að horfa til þess að nokkuð greiðlega hefur gengið að koma skólastarfinu í skjól. Búið er að samþykkja fjárveitingar til heildaruppbyggingu skólans sem verður í kjölfarið mikið betri vinnustaður fyrir börnin okkar þar sem rýmra verður um þau, loftgæði betri og aðstaða uppfyllir kröfur nútíma skólastarfs.



Elín Björk Jónasdóttir.

Vinstri græn leggja mikið upp úr heilnæmu umhverfi hvort sem það er í skólum, leikskólum eða almennt. Við viljum fjölga grænum svæðum og efla lýðheilsu í borginni en þar er óumdeilt að aðgangur að grænum svæðum skiptir sköpum. Við uppbyggingu Hagaskóla gefst kjörið tækifæri til að byggja upp fallegt grænt svæði í kringum skólann sem nemendur bæði Melaskóla og Hagaskóla geta notið sem og almennigur, en ný útfærsla á Hagatorgi fer í hugmyndasamkeppni meðfram því sem skólinn er byggður upp. Þá er líka kjörið tækifæri að endurhugsa skólamáltíðir og bjóða í auknum mæli upp á umhverfisvænni kosti í mótuneytum skólans.

Umhverfis- og loftslagsmál verða að vera í framlínunni við allt borgarskipulag, framkvæmdir þurfa að vera eins umhverfisvænar og kostur er og borgin á að reikna kolefnisgjald inn í alla fjárhagsáætlanagerð. Við þurfum að auka þjónustu strætó, endurvekja næturstæði og gera virka ferðamáta enn meira aðlaðandi því Vesturbærinn verður ennþá betri hverfi með minni umferð.

Tilfelli eins og mygla í Hagaskóla eru vissulega vonbrigði en aðstaður sem þessar má nýta sem tækifæri til að endurnýja hverfaskipulag með umhverfis og lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi.

Elín Björk Jónasdóttir, 3. Sæti á lista Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs í Reykjavík.

Gangandi í forgang á Vesturgötu

- göngugata frá Hlemmi að Ingólfstorgi

Ég hef í skrifum mínum að undanförunu sett fram þá hugmynd að gera ætti allan kaflann frá Hlemmi að Ingólfstorgi að göngugötu. Sú göngugata yrði raunar ein þeirra lengstu í Evrópu, alls 1,5 kílómetrar að lengd. En verði hungur einhvers í langar göngugötur enn óseðjað eftir þetta mætti hugsa sér að halda áfram eftir Vesturgötu. Þar með myndu 800 metrar bætast við.

Hugmyndin um að gera alla Vesturgötuna að göngugötu þykir mögulega djörf. En gatan hefur raunar alla burði til að vera gata þar sem gangandi eru í forgangi. Hún liggur í austur - vestur og húsin skerma götukassann vel af. Ef vel er að gáð eru tugir gamalla verslunarrýma á jarðhæðum Vesturgötu sem myndu lifna við réttar aðstæður.

Við Héðinsreit er nú mikil uppbygging. Vesturgatan er kjörin sem aðalgönguleið milli Miðbæjar og Héðinsreits. Ég tel að ráðast eigi í miklar endurbætur á götunni til að gera hana meira aðlaðandi fyrir gangandi og hjólandi.

Í dag endar Vesturgatan einfaldlega með því að rekast á Ánanaustið. Borgargatan Vesturgata á meira "grand finale" skilið. Hinum megin við Ánanaustið er í dag bensínstöð og hverfisstöð Sorpu. Þessi starfsemi verður ekki endilega þarna að eilífu. Í framtíðinni gætum við fengið þarna útsýnistorg við sjávarsíðuna. Sem væri endir á samfelldri gönguleið frá Hlemmi, og kannski, enn síðar, endir á einni lengstu samfelldu göngugötu á byggðu bóli.



Pawel Bartoszek.

Pawel Bartoszek - borgarfulltrúi 2. sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík

Vesturbærinn – besti bærinn

Ég flutti í Vesturbæinn árið 2007 ásamt mannum mínum, sem er innflytjandi, fæddur og uppalinn í Svíþjóð en hann minnst reglulega á lífsgæðin sem við njótum hér í Vesturbænum. Þar nefnir hann helst frelsið sem börnin hafa, þau geta verið úti að leika með vinum sínum fram á kvöld, stutt er að fara í íþróttir og tómstundir, leikvelli, skólann og búðina. Allt er við höndina og blessunarlega öruggt umhverfi fyrir börn að alast upp í. Hann heillast einnig af náttúrunni sem er handan götunnar, hleypur stundum út á svalir til að sjá Norðurljósin dansa yfir Esjunni, dregur djúpt að sér andann, horfir á hafið hamast og mærir sjávarilminn sem er einstakur í Vesturbænum að hans sögn. „Vesturbærinn er besti bærinn“ er slagorðið sem hann hefur valið þessum borgarluta. Vesturbæjarlaugin er besta laugin og hann minnir okkur hin reglulega á hversu einstakt það er að geta stundað útiböð í heitri laug. Okkur hættir til að vera heimablind og sjáum ekki alltaf gæðin sem við búum við og þá er ágætt að fá áminningu frá eiginmanninum, innflytjandanum.

Þrátt fyrir þau gæði sem við njótum, þá viljum við alltaf gera betur og á þessu kjörtímabili hefur verkefnið „Hverfið mitt“ vaxið gríðarlega. Fjöldi íbúa sem senda inn hugmyndir að verkefnum og taka þátt í kosningu um verkefnið hefur fjölgað verulega. Þá hefur fjármagn í verkefnið einnig verið aukið en 104 milljónir eiga að renna til verkefna í

Vesturbænum sem kosið var um og munu framkvæmdir hefjast í sumar. Verkefnið sem hlutu kosningu eru að gera Hagatorg að opnu grænu svæði, gróðursetja á tré meðfram Hringbraut, koma á ærslabelg fyrir á opnu svæði, sett verður upp sjósundsástaða við Ægisíðu ásamt litlum potti fyrir fótabað, lóðin við Vesturbæjarlaug verður gerð að fjölskyldusvæði, fleiri bekkjum verður komið fyrir í hverfinu en þá á einnig að setja upp Teqball völl fyrir aftan tennisvöll við íþróttahús Hagaskóla.

Það er gaman að finna hversu glögg gestsaugað er á þau gæði sem við búum við í Vesturbænum, bæði hvað varðar þjónustu, umhverfi, náttúru og samfélag. En við viljum og ætlum að gera betur og ég vil hvetja Vesturbæinga til að taka virkan þátt á þeim lýðræðisvettvangi sem til dæmis verkefnið „Hverfið mitt“ býður upp á til að hafa enn frekari áhrif á okkar nærumhverfi.

Ellen Calmon er borgarfulltrúi og skipar 9. sætið á lista Samfylkingarinnar til borgarstjórnarkosninga sem fara fram 14. maí 2022.



Ellen Calmon.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Liður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Raubi kross Íslands

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Íþróttakona og íþróttamaður KR



Þórey Ísafold Magnúsdóttir, Kennie Chopart og Lúðvík Georgsson formaður KR.

Íþróttakona og íþróttamaður KR voru valin á aðalfundi félagsins sem fram fór í félagsheimili KR í lok apríl.

Íþróttakona KR er Þórey Ísafold Magnúsdóttir sundkona. Þórey keppti á Norðurlandameistararnótinu í Svíþjóð og náði þar 2. sæti í 100m bringusundi. Setti Íslandsmet í 100m flugsundi í flokki

fatlaðra á bikarmóti SSÍ.

Íþróttamaður KR er Kennie Chopart knattspyrnumaður. Kennie hefur verið einn af máttarstólpum karlaliðs KR í fótbolta síðastliðin ár og var valinn besti leikmaður liðsins tímabilið 2021 þegar liðið endaði í 3. Sæti Pepsi Max deildarinnar og tryggði sér þar með Evrópusæti.

KR semur við þrjá leikmenn



Körfuknattleiksdeild KR (KKD KR) hefur gert samninga við þá Veigar Áka Hlynsson, Þorvald Orra Arnason og Dag Kár Jónsson. Samningar eru til tveggja ára.

KKD KR hefur áður gefið út mikilvægi þess að íslenskir leikmenn fái að njóta sín og spila stórt hlutverk í liðinu og eru þessar undirskriftir í takt við þær áætlanir. Veigar Áki og Þorvaldur Orri hafa spilað upp alla yngri flokka félagsins og fengu mikilvægar mínútur í leikjum síðasta tímabils. Báðir stóðu sig vel og lögðu sitt á vogarskálarnar í vetur og verður gaman að fylgjast með þeim félögum vaxa enn frekar á næsta tímabili. Dagur Kár hefur spilað með Stjörnunni og Grindavík og í vetur sem atvinnumaður á Spáni. Dagur Kár er frábær leikmaður sem mun passa vel inn í KR samfélagið og ljóst að honum er ætlað stórt hlutverk í félaginu.

KR Íslandsmeistari í 1. deild karla



A-lið KR sem varð Íslandsmeistari í 1. deild karla 2022.

A-lið KR varð Íslandsmeistari í 1. deild karla, Keldudeildinni, eftir sigur á HK-A í úrslitaleik. Leikið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu sunnudaginn 8. maí. Leiknum lauk með 3-0 sigri KR-A. Leikurinn var þó mun jafnari en þessar tölur gefa til kynna.

Þeir Ellert Kristján Georgsson og Gestur Gunnarsson sigruðu þá Bjarna Þorgeir Bjarnason og Óskar Agnarson örugglega 3-0 í tvíliðaleiknum, sem var fyrsti leikurinn í viðureigninni.

Næst mættust Norbert Bedo fyrir KR-A og Björn Gunnarsson fyrir HK-A. Björn hafði sigur í jafnri 1. lotu en Norbert jafnaði í 1-1 í jafnri lotu. Norbert náði að vinna þriðju lotuna. Í 4. lotunni var Björn yfir 9-5 en Norbert náði góðum endaspretti og sigraði 11-9, og vann þar með leikinn 3-1.

Í 3. leiknum lék Ellert gegn Óskari. Í leiknum voru fyrstu fjórar loturnar jafnar, en Ellert var yfir 2-1

og hafði tvö tækifæri til að tryggja sér sigur í lok 4. lotu. Það tókst ekki og Óskar jafnaði leikinn í 2-2. Ellert sigraði hins vegar örugglega í oddalotunni og tryggði sér sigurinn og þar með KR sigur í viðureigninni.

KR varð síðast Íslandsmeistari í 1. deild karla árið 2017 og þessi titill er sá 24. sem liðið vinnur í 1. deild karla.

Leikmenn sem léku með KR-A á keppnistímabilinu voru þessir: Ellert Kristján Georgsson, Gestur Gunnarsson, Hlökkver Steini Hlökkversson, Ingólfur Sveinn Ingólfsson, Norbert Bedo og Pétur Gunnarsson.

Umgjörð úrslitadagsins var til fyrirmyndar af hálfu BTÍ og BH. Streymt var frá leikjunum á YouTube rás Borðtennissambands Íslands og geta þeir sem misstu af leikjunum horft á þá þar.

DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Síðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

D



Reykjavík sem virkar fyrir Vesturbæ

Íþróttir fyrir alla

Við viljum bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar og efla KR. Hefja þarf löngu tímabæra uppbyggingu íþróttamannvirkja við Frostaskjól. Jafnframt þarf að styðja betur við almenningsíþróttir í hverfinu.

Umhirða og viðhald

Við viljum bæta viðhald í hverfunum, ekki síst leikskóla, grunnskóla og leiktækja. Bæta þarf umhirðu, grasslátt og endurnýjun gangstétta. Einnig verður að bæta sorphirðu, umhirðu grenndargáma og almenn þrif í hverfinu.

Heilnæmt skólahúsnæði

Stór hluti Hagaskóla er ónothæfur vegna mygluskemmda, sem rekja má til langvarandi vanrækslu á viðhaldi. Sambærilega sögu má segja af öðrum skólum og leikskólum á svæðinu. Ráðast þarf í viðhaldsátak og tryggja heilnæmt skólahúsnæði fyrir börn.

Kynntu þér fleiri stefnumál á xdreykjavik.is